

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar  
Norðurhelli 2  
221 Hafnarfirði

Hafnarfirði 9. nóvember 2017

### **Efni: Beiðni um beitarland**

Hestamannafélagið Sörli óskar eftir beitarlandi í upplandi Hafnarfjarðar til umráða fyrir starfsemi sína.

Í samningi um rekstur reiðskemmu og íþróttasvæðis frá 2008 var eftirfarandi ákvæði:

*8.gr. „Vegna reiðnámskeiða fyrir börn og unglinga sem Hestamannafélagið starfrækir á tímabilinu 1. júní – 1. ágúst í samráði við Hafnarfjarðarbæ.....Til þess fær Hestamannafélagið Sörli afnot af allt að 6 hektara beitalandi innan girðingar, sem þeir sjá um að hirða.“*

Ofangreindur samningur er ekki lengur í gildi en nýr rekstrarsamningur var undirritaður í byrjun árs. Í nýjum samningi er ekki ákvæði um beitarland. Sörli er þó ennþá skuldbundinn Hafnarfjarðarbæ um að starfrækja reiðnámskeið fyrir börn að sumri til.

Í gegnum árin hefur talsvert saxast á það beitarland sem Sörli hefur haft afnot af með skipulagningu byggingarlands. Nú lítur út fyrir að tún sem Sörli hefur nýtt á sumrin fyrir reiðskólann og liggur norðan við Flóttamannaveg fari undir vegagerð á komandi vori.

Sörli óskar því eftir að fá úthlutað því landi sem hægt er að nýta til beitar í upplandi Hafnarfjarðar til beitar fyrir reiðskólahesta og einnig land til að bjóða félagsmönnum Sörla tímabundið beitarland frá vori að hausti fyrir hesta sína. Sörli myndi bera ábyrgð á girðingum og umhirðu landsins.

Það skiptir mikilu máli fyrir hestamenn að hafa möguleika á að setja hesta sína á beit. Það bætir verulega aðbúnað hestanna og býður uppá möguleika að lengja þann tíma ársins sem hestamenn geta notið samvista með hestum sínum á svæði Sörla. Það er einnig mikilvægur þáttur fyrir afreksknapa og aðra keppendur Sörla að hafa möguleika á beitarlandi fyrir hesta til að geta iðkað æfingar á athafnasvæði Sörla yfir sumartímann.

Virðingarfyllt,  
Þórunn Ansnes  
framkvæmdastjóri Sörla